

Skólaráð Varmahlíðarskóla

Fundargerð 10. desember

Mætt: Friðrik Logi, Gunnar Sig, Helga Rós Sigfúsd., Íris Olga sem ritaði fundargerð, Jón Karl, María Einars og Trostan.

Dagskrá

1) Skóladagatal með breytingartillögu, vordagar 11.-13.maí, uppbrotsdagar, Fimmtudagurinn 14. er uppstigningardagur.

Ekki athugasemdir, samþykkt

2) Menntastefna. Drög eru til yfirlstrar. Tækifæri til þess að senda inn athugasemdir eða ábendingar rennur út 10.desember, sjá viðhengi.

Afgreiðsla:

Umræða um menntastefnuna, m.a. Heillaspor, innleiðingu og fleira

3)

Greinasvið. Innleiðing og gangur verkefnis. Haldnir hafa verið rafrænir kynningarfundir og eru fleiri á dagskrá.

Trostan fór yfir stöðu mála þegar kemur að nýju námskránni. MMS vinnur að því að gefa út yfirlit til þess að einfalda yfirsýn og vinnu við námskrá. Stefnt er að því að prófa námsumsjónarkerfið Námfús. Ráð frá MMS er að nota leiðsagnarmat sem mest, skrásetja bara í lokin sem lokamat.

Miklar umræður um núverandi matskerfi í grunnskólum, mismunandi túlkanir á vægi mats, t.d. hvenær veita á A, B+, B o.s.frv.

4) Önnur mál.

Gunnar hefur verið þátttakandi í vorverkefnum, vill hrósa kennurum fyrir að aðlaga verkefnin vel að nemendum. Verkefnin eru virkilega erfið, sem er gott. Ábyrgð er sett á gestgjafa og ef þeir halda ekki utan um þau, þá taka foreldrar oftast en ekki boltann. Hvetur kennara að gefast ekki upp á verkefnunum þó sumir gefist upp. Þetta verkefni tengir skólann mjög við umhverfið.

Umræða í kjölfarið um sveitadagana.

Tillaga um að hvetja og aðstoða börn sem eru á barnmörgum sveitabæjum að fara annað og kynnast öðrum bæjum, það gæti líka létt álagið á téðum bæjum..

Næsti fundur er ráðgerður 4. febrúar skv. áætlun.

Ekki fleira rætt, fundi slitið